

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Kristján H. Jónsson greiði 30 króna sekt í landssjóð eða sæti 7 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi öll greidd á ákveðnum tíma. Framantalin meiðandi ummæli um áfrýjanda eiga að vera dauð og ómerk.

Stefndi greiði áfrýjanda Skúla Thoroddsen í málskostnað 30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 4/1903:

Skúli Thoroddsen
gegn

Kristjáni H. Jónssyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði í héraði ritstjóri blaðsins »Þjóðviljinn«, Skúli Thoroddsen, gegn stefnda Kristjáni H. Jónssyni ábyrgðarmanni blaðsins »Vestra« út af ummælum í grein með yfirskriftinni »Stefnufesta hr. Sk. Th.« í síðarnefndu blaði, I. árg. 18. tölubl., er út kom 8. marz f. á. og er greinin undirskrifuð með nafni stefnda, en áfrýjandi taldi ýms ummæli greinarinnar meiðandi og móðgandi fyrir sig. Í annan stað höfðaði stefndi gagnsök gegn áfrýjanda út af meiðandi og móðgandi ummælum um sig og blað sitt Vestra í 4.

—5. tölubl. »Þjóðviljans«, sem út kom 28. jan. f. á. í grein með fyrirsögninni »Blekkingar afturhaldslíða«, en áfrýjandi ber ábyrgð á grein þessari, sem er nafnlaus. Málið var dæmt í gestarétti Ísafjardarkaupstaðar 14. júlímán. f. á. þannig, að orðin »pólitískur vindhani« og »að trúa þeim manni, sem breytir eins oft um stefnu eins og hann skiftir um snýtuklút« í greininni »Stefnufesta hr. Sk. Th.« í fyrnefndu tölubl. Vestra og orðin í umgetnu tölubl. Þjóðviljans: »Blekkingar«, »sömu lygin« er Vestri einnig látinn hlaupa með« og »hve málgagn þetta er afaróprúttið að því er til þess kemur að umhverfa sannleikanum gjörsamlega« voru dæmd dauð og marklaus; en að öðru leyti skyldu málsaðilar sýknir vera hvor af annars kærum í málinu og málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 10. jan. þ. á., og hefir hann krafist þess, að hann verði sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnda, en að stefndi verði dæmdur í sekt fyrir umstefnd meiðyrði um áfrýjandann og meiðyrðin dæmd dauð og ómerk, og loks að stefndi verði dæmdur í málskostnað fyrir báðum réttum. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að gestaréttardómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað eftir mati réttarins.

Með því að stefndi hefir eigi af sinni háltu gagnáfrýjað máli þessu, og þar sem greinar þær, sem kært er út af, eigi standa í því sambandi

hvor við aðra, að heimild sé til, eins og undirdómarinn hefir gert, að láta hegningu fyrir meiðyrði í þeim jafnast upp og falla niður, samkvæmt 221. gr. hegningarlaganna, þá kemur að eins til álita fyrir yfirdóminum annars vegar, hvort fleiri ummæli í umræddri Vestragrein eigi að dæmast saknæm en undirdómarinn hefir álitid, og hvort þau ummæli í greininni, er dæmd hafa verið ómerk af undirdómaranum sem meiðandi og móðgandi fyrir áfrýjandann, eigi einnig að baka stefnda hegningu, og hins vegar, hvort ómerking undirdómarans á nokkrum ummælum í umgetinni Þjóðviljagrein hafi verið á rökum bygð.

Í umræddri grein »Vestra« er leitast við að færa rök að því, að áfrýjandinn hafi breytt mjög oft um skoðanir eða stefnu í stjórnarskrármálinu, og er það eigi ærumeiðandi, en þar sem áfrýjandinn er kallaður fyrir stefnubreytingar sínar »pólítískur vindhani« og sagt að hann »breyti eins oft um stefnu og hann skifti um snýtuklút«, þá eru þau ummæli svo móðgandi og lítilsvirðandi fyrir áfrýjanda sem bláðamann og alþingismann, að þau virðast eiga að varða sektum fyrir stefnda. En einkum er það meiðandi fyrir áfrýjanda, þar sem því í greininni er haldið fram, að áfrýjandinn hafi, eins og þar er sagt, »gefið upp sjálfstjórnarkröfur landsins einungis til að svala persónulegri óvild sinni«. Þessi ummæli, sem eru allveg órökstudd — því að það er engin rökstuðning á þeim, þótt sýnt væri fram á, að áfrýjandi

hefði látið það ráða nokkru um stefnu sína í stjórnarskrármálinu, hver skipaður mundi ráðgjafi, er til kæmi — eru að vísu í greininni höfð eftir öðru tilgreindu blaði, en stefndi hefir tekið þau svo upp í greinina, að hann hefir gert þau að sínum eigin orðum og lýst sig samdóma þeim, og verður hann því að bera ábyrgð á þeim sem sínum eigin ummælum. Það er einnig ærumeiðandi fyrir áfrýjanda, þegar sagt er síðar í greininni, að »það voru mennirnir, en ekki málefnið, sem hafði áhrif á stefnu Sk. Th.«. Hins vegar er það ekki skerðing á æruréttindum áfrýjandans, þótt sagt sé í greininni, að hann hafi gert gys að stefnu í stjórnarbaráttunni, sem hann hafði áður verið fylgjandi.

Að því er snertir ummæli þau í fyrnefndri Þjóðviljagrein, sem átalín eru af stefnda og undirdómariann hefir dæmt ómerk, þá verða þau að teljast meiðandi og móðgandi fyrir stefnda sem ábyrgðarmann Vestra, að því leyti sem því er dróttað að honum, að hann láti blað sitt flytja vísitandi ósannar kenningar og fregnir, og ber því að dæma ummæli þessi dauð og ómerk; en eins og fyr er drepíð á, verður eigi áfrýjanda gerð sekt fyrir þau, eins og málið liggur fyrir réttinum.

Framangreind meiðandi og móðgandi ummæli í blaðinu »Vestra« eiga að heimfærast undir 219. gr. alm. hegningarlaga, og þykir sekt sú, er stefnda ber að greiða fyrir þau, hæfilega ákveðin 60 krónur, en til vara komi 15 daga ein-

falt fangelsi. Ummælin ber og að dæma dauð og ómerk. Um málskostnað í héraði á gestaréttardómurinn að vera óraskaður, en í málskostnað fyrir yfirdómi ber stefnda að greiða áfrýjanda 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Kristján H. Jónsson greiði í sekt til landssjóðs 60 krónur, en sæti ella eintöldu fangelsi í 15 daga, ef sektin er eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Framangreind meiðandi eða móðgandi ummæli í greindum tölu-blöðum »Vestra« og »Þjóðviljans« eiga dauð og ómerk að vera. Stefndi greiði áfrýjandanum Skúla Thoroddsen í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 24/1903:

Skúli Thoroddsen
gegn
Kristjáni H. Jónssyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði Skúli Thoroddsen fyrir gestarétti Ísafjarðarkaupstaðar gegn ritstjóra Kristjáni H. Jónssyni fyrir meiðyrði og móðgunaryrði í 2 ritgerðum í blaðinu »Vestri«. Var það dæmt